

Húseigendatrygging atvinnuhúsnæðis

Staðlað upplýsingarblað um vátryggingu



Skilmáli E-26

Vörður tryggingar hf Borgartúni 25, Reykjavík

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á vátryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um vátryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt vátryggingarskírteini.

HVERNIG TRYGGING ER HÚSEIGENDATRYGGING ATVINNUHÚSNÆÐIS?

Húseigendatrygging atvinnurekstrar er víðtæk og alhliða vernd fyrir atvinnuhúsnæði og aðrar fasteignir fyrirtækja. Tryggingin samanstendur af húseigendatryggingu og ábyrgðartryggingu húseiganda.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Tjón vegna vökva sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök innan útveggja og botnplötu vegna bilunar eða mistaka. Bætur uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka.
- ✓ Tjón sem verður ef yfirborðsvatn, sem orsakast af úrhelli eða asahláku, verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá.
- ✓ Tjón vegna frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi.
- ✓ Tjón á húseign af völdum innbrots eða innbrotstilraunar.
- ✓ Tjón sem verður vegna skyndilegs sótfalls frá eldstæðum og viðurkenndum kynditækjum.
- ✓ Tjón vegna skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg fasteignar.
- ✓ Tjón á húseign sem er bein afleiðing af óveðri eða roki þegar vindhraði fer yfir 28,5 m/s.



HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka.
- ✗ Tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum.
- ✗ Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá t.d grunnþakrennum, svölum eða frárennslisleiðslum.
- ✗ Tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu.
- ✗ Tjón vegna sigs á grunni húseignarinnar, s.s vegna útskolunar á jarðvegi.
- ✗ Tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum eða gróðri.
- ✗ Tjón sem er bótaskyldt úr brunatryggingu húseignarinnar.
- ✗ Tjón á þeim hlut sem veldur tjóni vegna vökvaútstreymis, svo sem rör, ofnar eða tæki.

- ✓ Ef íbúðarhúsnæði skemmist af bótaskyldum tjónsatburði sem tilgreindur er í váttryggingunni eða lögboðinni brunatryggingu og sé viðgerð svo umfangsmikil að óhjákvæmilegt reynist að flytja úr húsnæðinu, á meðan á viðgerð stendur yfir, greiðir félagið bætur sem nema meðalleigu sambærilegs húsnæðis að stærð og ástandi á þeim stað og tíma sem um er að ræða í allt að 6 mánuði frá tjónsdegi.
- ✓ Brot eða hrun á loftklæðningum eða naglföstum innréttingum, sem rekja má til óvæntra og skyndilegra utanaðkomandi atburða.
- ✓ Brot á keramikhelluborði vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar eftir að því hefur verið komið fyrir á endanlegum stað í innréttingu.
- ✓ Brot á fastengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar váttryggðu fasteignar, s.s. vöskum, baðkerum, salernisskálum og vatnskössum enda hafið tjónið orðið vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar.
- ✓ Tjón sem verður á gleri eftir ísetningu.



ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- Húseiganda er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa úr þeim aur eða klaka.



HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin tekur til húseignar þeirrar eða hluta húseignar sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.



HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.